



## Borgarráð

### Vatnsstígur. Endurgerð milli Laugavegar og Hverfisgötu.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurgerðar Vatnsstígs á milli Laugavegar og Hverfisgötu.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í mars 2025 og að þeim verði lokið í ágúst 2025. Framkvæmdin er samstarfsverkefni með Veitum.

Heildarkostnaðaráætlun er 160 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkurborgar 100 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felst í endurgerð götu og veitukerfa á Vatnsstíg milli Laugavegar og Hverfisgötu. Gatan verður hellulögð göngugata með snjóbræðslu, gróðurbeðum og götugögnum. Frágangur tengist framtíðarskipulagi og endurgerð á Laugarvegi.

Kostnaðarstaður: 3105

Kostnaðaráætlun: 160 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkur 100 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds*

Hjálagt:

- Kynning



# Vatnsstígur – Endurgerð götu milli Laugavegar og Hverfisgötu


UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ



# Lýsing á framkvæmd

- Framkvæmdin felst í endurgerð götu og veitukerfa á Vatnsstíg milli Laugavegar og Hverfisgötu.
- Gatan verður göngugata og verður nýtt yfirborð með sama móti og á Laugavegi við Frakkastíg.
- Um er að ræða upprif og förgun á núverandi yfirborði, losun klappar, jarðvegsskipti, lagningu fráveitu-, vatns- og hitaveitulagna, ásamt lagningu raf- og ljósleiðaralagna.
- Gatan verður öll snjóbrædd.
- Yfirborðsfrágangur verður hellulögn, gróðurbeð, tröppur og götugögn.
- Sameiginlegt framkvæmdaútböð með Veitum







# Kostnaður og verktími


- Verkkaupar:
  - Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
~60%
  - Veitur ohf. ~40%
  - Míla ehf. >1%
- Kostnaðaráætlun: 160 m.kr.
- Hlutur Reykjavíkurborgar: 100 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í mars 2025 og áætlað að þeim ljúki í ágúst 2025





# Markmið og stefna

- Framkvæmdin er hluti af umferðarskipulagi miðborgarinnar.
- Yfirborðsfrágangur tengist framtíðarskipulagi og endurgerð á Laugavegi.
- Um er að ræða göngugötu í miðborginni með skemmtilegu umhverfi með aðgengi fyrir alla þ.s. flæði milli Hverfisgötu og Laugavegar verður bætt.





Reykjavík